

1.fundur ársins 2023 haldinn í hreppsnefnd Árneshrepps föstudaginn 17.febrúar 2023. Fundurinn er haldinn á skifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mættir eru allir aðalmenn hreppsnefndar Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

1. Sorpsamlag Strandasýslu. Farið var yfir síðustu fundargerð Sorpsamlagsins og fleira. Delphine fór yfir ýmsar upplýsingar sem fram komu á fundi sem haldinn var á landsvísu. Með nýjum lögum breytist ýmislegt varðandi flokkun úrgangs og nýjum tunnum, og ekki síst nýjum sorpbíl sem tekur fjórum sinnum meira sorp. Við þurfum að fara mjög vel yfir hvað okkur vantar hér í sveitinni til þess að uppfylla kröfur um flokkun. Ákveðið var að taka málið aftur fyrir á næsta fundi og hugsa í millitíðinni hvað okkur vantar til þess að geta staðið við þær kröfur sem fylgja nýjum reglum. Delphine samþykkti að hugsa áfram um þessi mál fyrir sveitarfélagið.
2. Orkubú Vestfjarða, reikningsyfirlit sent 28.desember 2022. Hreppsnefnd var sammála um að skoða þurfi betur öll viðskipti varðandi sameiginlega vinnu sveitarfélagsins og Orkubúsins varðandi langningu ljósleiðara og þrífösunar á árunum 2021 og 2022. Einnig var ákveðið að fá Kpmg ehf til þess að greina stöðuna á þessu máli. Þegar þau gögn liggja fyrir mun hreppsnefnd ákveða næstu skref í málinu.
3. Velferðarþjónusta Vestfjarða (vinnuhópar nóv 2022 til apríl 2023. Samkvæmt nýjum lögum um barnavernd, fatlað fólk og flóttafólk verður gerð sú breyting að nú verða þessi mál sem ná yfir alla Vestfirði. Hreppsnefnd fór yfir Samning um sérhæfða velferðarþjónustu Vestfjörðum, Tillögu til afgreiðslu og Minnisblað varðandi Tillögu um

samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Hreppsnefnd samþykkir samstarf á þessu sviði.

1. Framkvæmdir við Norðurfjarðarhöfn. Farið var yfir hvernig málin standa og hvort ekki sé hægt að halda íbúafund um umhverfi hafnarinnar með vorinu. Skilt er að tryggja föst hafnarmannvirki, bréf frá Náttúruhamfaratryggingum lagt fram til kynningar.
2. Rafmagn í kaupfélagshúsi – teikningar. Beðið er eftir teikningum til að teikna inn á þær breytingar sem gerðar voru þegar einni íbúð var breytt í tvær. Þá verður hægt að fá endurgreiðslur á rafmagni fyrir nýju íbúðina.

3. Mjólkárvirkjun. Óskað er eftir umsögn hreppsnefndar um skipulagslýsingu vegna Mjólkárvirkunar. Hreppsnefnd Árneshrepps gerir engar athugasemdir og mun oddviti senda bréf þess efnis.
4. Erindi til sveitarstjórna vegna ágangs búfjár – minnisblað sambandsins. Lagt fram til kynningar.
5. Erindi frá Kristínu, Finnbogastöðum. Hún er að vinna að Mastersritgerð og hefur áhuga á að gera eitthvað sem tengist Árneshreppi.
6. Önnur mál.
 - a) Breytingar á verklagi varðandi hreppsnefndarmál.
 - b) Spurning um hvort ekki þarf stundum að hafa vinnufundi um sérverkefni og opna vinnufundi.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:15.